



Ú R S K U R Ð U R

9. desember 2010

Mál nr. X-138/2010:

Sóknaraðili: Ríkharður Daðason

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hdl.)

Varnaraðili: Kaupþing banki hf.

(Þröstur Ríkharðsson hdl.)

Dómari: Greta Baldursdóttir héraðsdómari

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 9. desember 2010 í máli nr. X-138/2010:

Ríkharður Daðason

(Guðmundir Ingvi Sigurðsson hdl.)

gegn

Kaupþingi banka hf.

(Þröstur Ríkharðsson hdl.)

I

Mál þetta sem þingfest var 22. júní 2010 var tekið til úrskurðar 16. nóvember 2010. Sóknaraðili er Ríkharður Daðason, Sunnuvegi 33, Reykjavík, en varnaraðili er Kaupþing banki hf., Borgartúni 26, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að krafa hans að fjárhæð 26.847.370 krónur verði viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrota skipti o.fl. við slitameðferð varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili þess að dráttarvextir af kröfunni frá 22. apríl 2009 til greiðsludags verði viðurkennd sem eftirstæð krafa samkvæmt 114. gr. laga nr. 21/1991. Til vara krefst sóknaraðili þess að krafa hans verði viðurkennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða honum málskostnað.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

II

Sóknaraðili hóf störf hjá varnaraðila í febrúar 2004 en aðilar undirrituðu ráðningar samning 23. janúar 2004. Til að byrja með vann sóknaraðili við ýmis störf á grein

ingardeild varnaraðila en síðar hóf hann störf við markaðsviðskipti hjá varnaraðila. Yfirmaður sóknaraðila var Ingvar Vilhjálmsson, þáverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta.

Voru grunnlaun sóknaraðila samkvæmt ráðningarsamningi 450.000 krónur á mánuði og ekki skyldi greitt fyrir yfirvinnu nema sérstaklega væri um það samið. Laun sóknaraðila hækkuðu í samræmi við kjarasamninga. Á árinu 2007 voru föst mánaðarlaun sóknaraðila orðin 504.753 krónur og á haustmánuðum 2008 voru föst laun hans orðin 700.000 krónur á mánuði.

Frá árinu 2005 fékk sóknaraðili reglulegar árangurstengdar bónusgreiðslur ofan á föstu launin. Kveður sóknaraðili að þessar árangurstengdu greiðslur hafi greiðst árs fjórðungslega sem hlutfall af tekjum hlutabréfamiðlunar bankans. Í febrúar 2007 hafi varnaraðili breytt hvatakerfi sínu þannig að tenging við tekjur deildarinnar hafi verið afnumin og hafi árangurstengdar greiðslur með því orðið ógagnsæri og greiddar út á 6 mánaða fresti. Hafi starfsmönnum þó verið lofað að tekjur þeirra yrðu aldrei lægri en í eldra kerfi.

Sóknaraðili kveðst hafa gert munnlegan samning við yfirmann sinn í mars 2007 þess efnis að heildarlaun sóknaraðila skyldu ekki vera lægri en 2.400.000 krónur á mánuði. Hafi ástæða þessa verið sú að sóknaraðila hafi boðist starf annars staðar og hafi varnaraðili ekki viljað missa hann úr starfi. Hafi hinn munnlegi samningur verið ótímabundinn og afturvirkur og tekið gildi frá og með 1. janúar 2007. Hafi sóknaraðila áfram verið greiddar 504.753 á mánuði en til að heildarlaun hans yrðu að minnsta kosti 2.400.000 krónur á mánuði hafi tvisvar verið greiddar 11.500.000 krónur að frádregnum svokölluðum frestuðum bónus. Reyndar hafi greiðslurnar verið óreglulegri á árinu 2007. Þannig hafi sóknaraðila til að mynda verið greiddar 3.500.000 krónur 1. apríl 2007 og síðan hafi það sem upp á hafi vantað verið greitt í ágúst. Hafi aðilar gert með sér sérstakt samkomulag um að seinni uppþótargreiðslan á árinu 2007 yrði 10.000.000 króna vegna fjölskylduaðstæðna þar sem sóknaraðili hafi ekki getað unnið alla þá yfirvinnu sem óskað hafi verið eftir á því tímabili.

Varnaraðili kveður að framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, yfirmaður sóknaraðila, hafi gert munnlegt samkomulag við sóknaraðila í marsmánuði 2007 um að bónusgreiðslur á árinu 2007 myndu tryggja honum tiltekin heildarlaun á því ári. Hafi samkomulag þetta hins vegar verið tímabundið. Þá hafi í júlí 2007 jafnframt verið gerður skriflegur samningur við sóknaraðila um sérstakt fyrirkomulag vegna bónusgreiðslna. Samkvæmt samningnum hafi fyrirkomulag bónusgreiðslna verið með þeim hætti að 80% bónussins hafi verið greidd starfsmanni á tilgreindum dögum, en 20% hans verið frestað til kaupa á hlutum í varnaraðila og farið í svokallaðan bónuspott starfsmannsins. Frestaður bónus hafi verið greiddur úr bónuspottinum á svonefndum frestunargreiðsludögum og hafi verið greitt út í

hlutum í varnaraðila. Hafi bónusinn að jafnaði verið greiddur út tvisvar á hverju ári.

Hinn 9. október 2008 ákvað Fjármálaráðuneytið að taka yfir vald hluthafafundar varnaraðila og víkja félagsstjórn í heild sinni frá störfum og skipa bankanum skila nefnd í samræmi við ákvæði 100. gr. a laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 128/2008. Varnaraðila var veitt heimild til greiðslustöðvunar 24. nóvember 2008 og var skipuð slitastjórn 25. maí 2009 samkvæmt 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009 og 4. tölulið ákvæðis II til bráðabirgða við þau lög. Upphafsdagur slitameðferðar var 22. apríl 2009. Varnaraðili gaf út innköllun til skuldheimtumanna sem birtist í fyrra sinni í Lögbirtingablaði 30. júní 2009 og rann kröfulýsingarfrestur út 30. desember 2009.

Með bréfi 29. október 2008 var sóknaraðila sagt upp störfum hjá varnaraðila og starfaði hann áfram þar til hann hóf störf hjá Nýja Kaupþingi banka hf. (nú Arion banka hf.) samkvæmt ráðningarsamningi 17. nóvember 2008.

Er óumdeilt að sóknaraðili fékk greitt í samræmi við hinn munnlega samning á árinu 2007 en ekki á árinu 2008 þar sem varnaraðili taldi samning aðila eingöngu vera vegna ársins 2007. Þá liggur fyrir að laun hafa verið gerð upp við sóknaraðila vegna ársins 2008 miðað við að umræddur munnlegur samningur sé ekki í gildi. Þá voru laun sóknaraðila í uppsagnarfresti ekki greidd af hálfu varnaraðila þar sem sóknaraðili vann á uppsagnarfresti hjá Nýja Kaupþingi banka hf. og voru laun hans þar 700.000 krónur á mánuði, þ.e. sömu grunnlaun og sóknaraðili hefði haft hjá varnaraðila.

Með kröfulýsingu 30. desember 2009 lýsti sóknaraðili kröfum að fjárhæð 31.247.715 krónur ásamt dráttarvöxtum til slitastjórnar varnaraðila samkvæmt 6. gr. laga nr. 44/2009, sbr. 102. gr. laga nr. 161/2002. Með bréfi 10. janúar 2010 tilkynnti slitastjórn varnaraðila að kröfu sóknaraðila væri hafnað. Á kröfuhafafundi 29. janúar 2010 var afstöðu slitastjórnar til kröfu sóknaraðila mótmælt. Haldinn var fundur vegna ágreinings um kröfuna 23. mars 2010 og framhaldsfundur 25. mars sama ár. Sóknaraðili féll frá þeim hluta kröfu sinnar sem laut að greiðslu frestaðs bónuss að fjárhæð 3.830.552 krónur en að öðru leyti reyndist ekki unnt að jafna ágreining um kröfuna og var þeim ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur með bréfi slitastjórnar varnaraðila 10. maí 2010 sem mótttekið var 17. maí 2010.

Lýtur ágreiningur aðila að því hvort krafa sóknaraðila sé réttmæt og skuldbindandi gagnvart varnaraðila og ef svo er hver fjárhæð hennar sé og hvernig skipa skuli henni í réttindaröð við slitameðferð varnaraðila.

III

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að hið munnlega samkomulag sem hann hafi gert við þáverandi framkvæmdastjóra markaðsviðskipta varnaraðila, Ingvar Vilhjálmsson, í mars 2007, sé bindandi fyrir varnaraðila. Samkvæmt samningum hafi sóknaraðila borið að fá að minnsta kosti 2.400.000 krónur í mánaðarlaun. Hafi samkomulag þetta verið staðfest með sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi. Þá hafi samningurinn verið gerður af þess til bærum aðila og hafi vinnuframlag sóknaraðila verið í samræmi við umsamið endurgjald.

Á því sé byggt að engin lagaleg rök hafi komið fram hjá varnaraðila fyrir því hvernig honum sé stætt að hafna forgangskröfu sóknaraðila enda ljóst að skilyrði 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 eigi ekki við um hann. Í fundargerð vegna ágreiningsfundar aðila sem haldinn hafi verið 23. mars 2010 tiltaki slitastjórn varnaraðila að ekki sé hægt að samþykka lágmarkslaun fyrir 6 mánaða tímabil meðal annars vegna þess að ekki liggi fyrir endanlegt vinnuframlag að baki þeirri kröfu. Fullyrðingum þessum sé alfarið hafnað og sé í raun óskiljanlegt hvernig hægt sé að halda slíku fram enda séu ráðningarsamningar ávallt samningar um tiltekin lágmarkslaun. Ljóst sé að mikið vinnuframlag liggi að baki þessari kröfu og séu laun í samræmi við markaðsaðstæður. Samið hafi verið um sanngjörn laun og hafi sóknaraðili skilað af sér þeim störfum sem af honum hafi verið krafist.

Falli krafa sóknaraðila að öllum skilyrðum 112. gr. laga nr. 21/1991 en ljóst sé að krafan sé um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu þrotamannsins sem hafi fallið í gjalddaga á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag, sbr. 1. tölulið 1. mgr. Taki ákvæði þetta einnig til hlunninda launamanns. Launakjör sóknaraðila hafi verið ákveðin og samþykkt af varnaraðila og sé slík ákvörðun bindandi fyrir varnaraðila nú og sé krafa sóknaraðila því gild. Sérstök athygli sé vakin á því að launakröfur sóknaraðila hafi ekki verið háðar mati varnaraðila heldur hafi hér verið um að ræða lágmarkslaun fyrir vinnuframlag.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi viðurkennt breytingu á launakjörum sóknaraðila í framkvæmd, ekki eingöngu með því að greiða uppbótargreiðslur á árinu 2007, heldur einnig með því að hækka ekki föst mánaðarleg grunnlaun hans. Frá því að sóknaraðili hafi hafið störf hjá varnaraðila hafi mánaðarlaun hans hækkað í samræmi við kjarasamninga VR. Þessar hækkanir komi hins vegar ekki til framkvæmda ef launþegum sé tryggður betri réttur úr hendi vinnuveitanda síns. Þar sem samkomulag aðila á árinu 2007 um 2.400.000 krónur í heildarlaun hafi tryggt sóknaraðila betri rétt en hin 5,5% launaþróunartrygging VR, þá hafi mánaðarleg grunnlaun sóknaraðila verið óbreytt á árinu 2008. Að mati sóknaraðila sýni þetta að varnaraðili hafi litið á samkomulag aðila sem samning um heildarlaun.

Þá sé einnig gerð krafa um greiðslu mismunar á launum sóknaraðila eftir hrun varnaraðila og þeim launum sem hann hafi átti rétt á hjá varnaraðila. Uppsagnarfrestur hafi verið á tímabilinu frá desember 2008 til febrúar 2009, samkvæmt gr. 11.2.3 í kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Sóknaraðila sé kunnugt um að öðrum starfsmönnum varnaraðila sem ráðnir hafi verið til Arion banka hf. hafi verið greiddur mismunur launa þeirra í uppsagnarfresti og krefst sóknaraðili þess að hann njóti sömu réttinda á grundvelli meginþjónarmiða um jafnræði, enda hafi Hannes F. Hrólffsson, aðstoðarframkvæmdastjóri markaðsviðskipta og fjárstýringar Nýja Kaupþings banka hf., tjáð sóknaraðila þegar hann hafi sagt honum upp störfum og jafnframt ráðið hann til starfa hjá Nýja Kaupþingi banka hf., að allir þeir sem ráðnir hefðu verið frá varnaraðila sem fengju lægri laun en þeir áður hefðu haft, fengju greiddan mismun þessara launa á uppsagnarfresti. Varnaraðili hafi kosið að nýta ekki starfskrafta sóknaraðila í uppsagnarfresti og því hafi honum verið frjálst að ráða sig annað án þess að það myndi skerða kröfu hans á hendur varnaraðila enda hafi sóknaraðili ekki afþakkað laun sín og ráðning hans hafi verið ótímabundin. Vangreidd laun í uppsagnarfresti séu því samtals að fjárhæð 5.820.000 krónur auk dráttarvaxta.

Umsamin laun sóknaraðila hafi ekki verið greidd á gjalddaga og teljist það því vanefnd varnaraðila á ráðningarsamningi aðila. Breyti engu af hvaða ástæðu greiðslufallið stafi. Af þeim sökum og í samræmi við þá meginþyngdu atvinnurekanda að greiða launþega umsamin laun, krefjist sóknaraðili þess að krafa hans verði samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 1. og 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 í bú varnaraðila.

Í samræmi við þetta sé krafa sóknaraðila reiknuð út með eftirfarandi hætti fyrir tíma bilið 1. janúar - 30. nóvember 2008:

1. janúar - 31. júní 2008

Umsamin laun: (samkvæmt samkomulagi 2.400.000 x 6)
14.400.000

Greidd laun: Launauppbót
4.000.000

3.028.518 mánaðarlegar greiðslur í sex mánuði

18.400 Orlofsuppbót
Samtals: 7.046.918

7.353.082 Samtals (14.400.000 – 7.046.918)

Framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð 735.308

Samtals krafa fyrir tímabilið:
8.088.389

1. júlí – 30. nóvember 2008

Umsamin laun (2.400.000 x 5):
12.000.000

Greidd laun:

504.753	júlí
700.000	ágúst
700.000	september
700.000	október
<u>581.280</u>	<u>nóvember</u>

3.186.033 Samtals:

8.813.967 Samtals: (12.000.000 – 3.186.033)

881.397 Framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð

Samtals krafa fyrir tímabilið:
9.695.364

Samkvæmt framansögðu sé krafa vegna tímabilsins 1. janúar til 30. nóvember 2008 17.783.753 krónur. Þá sé gerð krafa um greiðslu launa í uppsagnarfresti sem miði við 2.400.000 krónur á mánuði að frádregnum launum sóknaraðila hjá Nýja Kaupþingi banka hf. á sama tímabili. Sú krafa reiknist með eftirfarandi hætti:

Laun í uppsagnarfresti:

(3 x 2.400.000)

7.200.000

Framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð

720.000

Frádráttur laun hjá Nýja Kaupþingi banka hf. (3 mán)

2.100.000

Samtals:

5.820.000

Sé krafist mótframlags varnaraðila vegna lífeyrissjóðsiðgjalda, 8% vegna skyldu bundins framlags atvinnurekanda og 2% mótframlag atvinnurekanda vegna lífeyris sparnaðar eða samtals 10% af reiknuðum launum.

Þá sé krafist dráttarvaxta miðað við að laun sóknaraðila skyldu vera 2.400.000 krónur á hverjum mánuði að frádregnum greiddum launum og séu þeir reiknaðir frá lokum hvers tímabils eða um það leyti sem heildarlaun hafi átt að vera greidd. Þá sé krafist dráttarvaxta af framlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð frá lokum hvers tímabils.

IV

Varnaraðili kveður að hjá honum hafi verið í gangi ákveðið bónuskerfi sem ætlað hafi verið til þess að umbuna tilteknum starfsmönnum ef góður árangur næðist í starfsemi varnaraðila á viðkomandi ári. Kerfið hafi verið þannig uppbyggt að bónus hafi verið greiddur út tvisvar á ári, í febrúar og ágúst ár hvert. Greiðslur á bónusum til starfsmanna hafi verið háðar því skilyrði að arðsemi eigin fjár hjá varnaraðila væri yfir 15% á viðkomandi árshefningi, þ.e. janúar - júní vegna bónusgreiðslna í ágúst og júlí - desember vegna bónusgreiðslna í febrúar árið eftir. Hvernig bónus hafi verið útteilt til starfsmanna hafi verið ákveðið í samráði við forstjóra bankans á Íslandi, Ingólf Helgason, framkvæmdastjóra starfsmannasviðs,

Svala Björgvinsson, og framkvæmdastjóra þess sviðs sem viðkomandi starfsmaður hafi starfað hjá. Hafi fjárhæð bónusgreiðslu til hvers og eins starfsmann þannig verið ákveðin í hvert og eitt skipti af fyrrgreindum aðilum.

Hafi bónusgreiðslur til starfsmanna nánast undantekningarlaust verið háðar því skilyrði að arðsemi eigin fjár bankans væri yfir 15% fyrstu sex mánuði ársins og svo síðari sex mánuði ársins og jafnframt háðar mati á frammistöðu þess sviðs sem starfsmaður hafi starfað á sem og frammistöðu viðkomandi starfsmanns á því tímabili. Samningar sem vikið hafi frá fyrrgreindum meginreglum hafi því verið algjör undantekning og þá vegna sérstakra aðstæðna.

Sóknaraðili hafi gert munnlegt samkomulag við Ingvar Vilhjálmsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra yfir markaðsviðskiptum hjá varnaraðila í mars 2007, um lágmarks bónusgreiðslur á árinu 2007. Um hafi verið að ræða tímabundið samkomulag sem eingöngu hafi gilt um greiðslu bónusa á árinu 2007. Á árinu 2008 hafi samkomulagið verið niður fallið og hafi sóknaraðili fengið greiddan bónus á því ári sem tekið hafi mið af afkomu bankans og frammistöðu starfsmannsins eins og hefðbundið hafi verið og hafi bónusinn verið mun lægri en samkvæmt hinu niðurfallna samkomulagi og lægri en það sem sóknaraðili geri kröfu um.

Hafi Svali Björgvinsson mætt til skýrslutöku hjá slitastjórn varnaraðila á grundvelli 81. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. hinn 26. apríl 2010. Þar hafi hann staðfest að þeir aðilar hjá varnaraðila sem komið hafi að ákvörðun og útgreiðslu bónusa til sóknaraðila, þ.e. Ingólfur Helgason, Svali Björgvinsson og Ingvar Vilhjálmsson, hafi verið sammála um að í ágúst/september 2008 þegar kom að greiðslu bónusa fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2008 hefði ekki verið í gangi neitt sérstakt samkomulag við sóknaraðila sem tryggja ætti honum tiltekinn lágmarksbónus. Hafi sóknaraðili því fengið greiddan bónus sem tekið hafi mið af afkomu bankans og frammistöðu starfsmannsins. Í því sambandi bendi varnaraðili á það sem haft sé eftir Svala Björgvinssyni í fyrrgreindri skýrslutöku þegar hann var spurður um hvort hann kannaðist við að gert hefði verið bindandi munnlegt samkomulag við sóknaraðila, „...við bónusúthlutun 2008, sem er þá... umræðan er þá í júní, júlí og hugsanlega fram í ágúst 2008. Að Ríkharður fær bónus sem er lægri heldur en það sem hann hafði ætlað, skv. þessu samkomulagi. Þá var farið yfir þetta og þá var það metið svo að samkomulagið var útrunnið, hefði ekkert verið loforð til framtíðar heldur það ætti að renna út og ætti ekki að gilda áfram. Á þeim tíma var ég að skoða... Það var ekki til neitt skriflegt um þetta. Þetta var þá samtal sem Ingvar Vilhjálmsson átti við Ríkharð um það að þetta yrði loforð í ákveðinn tíma en ekki til framtíðar. Og þá miðað við 12 mánuði eins og almenna reglan“.

Í ljósi þessa framburðar sé fyrirliggjandi yfirlýsingu Ingvars Vilhjálmssonar sérstaklega mótmælt sem rangri og án nokkurs sönnunargildis. Sönnunarbyrði fyrir því að komist hafi á munnlegur samningur milli sóknaraðila og varnaraðila um tiltekin lág marksskjör til handa sóknaraðila, sem gilda hafi átt til frambúðar og væru ekki háð skilyrðum um tiltekna arðsemi eigin fjár hjá varnaraðila eða mati á frammistöðu sóknaraðila, hvíli alfarið á sóknaraðila.

Hefði samkomulagið átt að gilda ótímabundið og vera breyting á launakjörum sóknaraðila til frambúðar og tryggja honum tiltekin launakjör án tillits til afkomu varnaraðila eða frammistöðu sóknaraðila, umfram það sem leiði af lögum eða kjarasamningum eða venjum í bankanum, sé ljóst að gengið hefði verið frá samkomulaginu af þar til bærum aðilum með formlegum hætti. Samkomulagið hefði því verið staðfest skriflega, til dæmis í formi viðauka við ráðningarsamning sóknaraðila og gert innan mánaðar frá því að breytingin skyldi koma til framkvæmda í samræmi við 1.10.2. gr. kjarasamnings milli VR og Samtaka atvinnulífsins frá árinu 2004 sem náð hafi til sóknaraðila sem félagsmanns í VR á þessum tíma. Það hafi hins vegar ekki verið gert sem bendi eindregið til þess að umrætt samkomulag hafi ekki átt að gilda til frambúðar. Sóknaraðila hefði verið í lófa lagið að óska eftir slíkri skriflegri staðfestingu hefði hann talið að samkomulagið ætti að gilda ótímabundið. Þessu til viðbótar leggi varnaraðili áherslu á að greiðsla bónum til starfsmanna hafi nánast undantekningarlaust verið háð því að fyrirframgefið arðsemismarkmið næðist, þ.e. 15% arðsemi eigin fjár. Ljóst sé að greiðsla bónum fyrir tímabilið júlí – desember 2008, sem hefði komið til greiðslu í febrúar 2009, hafi verið háð því arðsemismarkmiði. Megi öllum vera það ljóst og sé óumdeilt að það markmið hafi ekki náðst eftir fall bankans í október 2008. Sé ljóst að gríðarlegt tap hafi verið á rekstri bankans á árinu 2008 og ekki síst á síðari sex mánuðum ársins. Skjóti það því skökku við að sóknaraðili fari fram á bónus fyrir störf sín hjá varnaraðila á sama tímabili og varnaraðili hafi lent í greiðsluþroti og verið tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu.

Þá sé rétt að benda á að á árinu 2007 hafi verið ákveðið launaskrið og hafi greiðsla bónum náð hámarki það ár hjá flestum fjármálafyrirtækjum á Íslandi enda afkoma flestra þeirra mjög góð það ár. Afkoma flestra ef ekki allra fjármálafyrirtækja á Íslandi hafi versnað til muna á árinu 2008 og hafi því ekki verið óeðlilegt að bónus greiðslur til starfsmanna yrðu mun lægri í samræmi við versnandi afkomu fyrirtækjanna.

Grunnlaun sóknaraðila hafi verið 504.753 krónur 1. febrúar 2008, er kjarasamningur milli VR/LÍV og Samtaka atvinnulífsins hafi tekið gildi. Samkvæmt grein 1.2.1. í kjarasamningnum skyldi grunnhækkun launa við gildistöku samningsins vera 5,5% fyrir þá starfsmenn sem voru í starfi hjá launagreiðanda 1. janúar 2007. Þar sem sóknaraðili hafi starfað hjá varnaraðila á þeim tíma hafi hann átt rétt á 5,5% grunnhækkun launa, eða að mánaðarlaun hans yrðu hækkuð um 27.761 krónu. Mánaðarlaun sóknaraðila hafi hins vegar verið

hækkuð um 195.247 krónur eða 38,5% á árinu 2008, úr 504.753 krónum í 700.000 krónur á mánuði. Nemi launahækkunin hærri fjárhæð en sóknaraðili hefði fengið frá varnaraðila miðað við 5,5% launhækkun fram að þeim tíma sem launahækkunin hafi tekið gildi 1. ágúst 2008. Fullyrðingu lögmanns sóknaraðila um að mánaðarleg grunnlaun sóknaraðila hafi verið óbreytt á árinu 2008 sé því hafnað sem rangri. Launahækkun sóknaraðila í ágúst 2008 bendi enn frekar til þess að varnaraðili hafi litið á samkomulagið sem ágreiningur standi um sem niður fallið. Geti varnaraðili því ekki talist hafa viðurkennt í framkvæmd að samkomulagið væri gildandi samningur um heildarlaun, líkt og sóknaraðili haldi fram.

Þegar sóknaraðili hafi verið sagt upp störfum í október 2008 hafi föst mánaðarlaun hans verið 700.000 krónur og hafi hann átt rétt á þeirri fjárhæð á mánuði á þriggja mánaða uppsagnarfresti frá varnaraðila. Sóknaraðili hafi unnið hjá Nýja Kaupþingi banka hf. á þriggja mánaða uppsagnarfresti frá varnaraðila í desember 2008, janúar 2009 og febrúar 2009, fyrir 700.000 krónur á mánuði. Á þriggja mánaða uppsagnarfresti hafi sóknaraðili því samtals haft 2.100.000 krónur í laun frá Nýja Kaupþingi banka hf. sem sé sama fjárhæð og hann hefði fengið vegna vinnu í þágu varnaraðila á sama tíma. Fullyrðingu lögmanns sóknaraðila um að vangreidd séu laun á uppsagnarfresti sé því hafnað sem rangri.

Verði fallist á að við uppsögn sóknaraðila í október 2008 hafi verið í gildi skuldbindandi munnlegt samkomulag um tiltekin lágmarkskjör honum til handa þá geri varnaraðili ekki ágreining um að sú fjárhæð sem honum beri njóti rétt hæðar samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991. Varnaraðili hafni því hins vegar að heildarlaun sóknaraðila geti numið þeirri fjárhæð sem sóknaraðili telji vangoldin. Sóknaraðili hafi verið að meðaltali með 1.978.236 krónur á mánuði í laun á árinu 2007 að teknu tilliti til þess að 20% af bónusgreiðslum sóknaraðila hafi verið frestað til kaupa í hlutum í varnaraðila og ráðstafað í svokallaðan bónuspott, í samræmi við ákvæði 2b. í samningi sem gerður hafi verið við varnaraðila um sérstakt fyrirkomulag vegna bónusgreiðslna í júlí 2007.

Verði talið að sóknaraðili eigi vangoldin laun hjá varnaraðila vegna þess hluta ársins 2008 sem hann hafi starfað hjá varnaraðila geti hann ekki átt rétt á hærri launum en hann hafi fengið fyrir störf hjá varnaraðila á árinu 2007. Varnaraðili telur því ekki forsendur fyrir öðru en að heildarlaun sóknaraðila vegna starfa fyrir varnaraðila á árinu 2008 taki mið af meðaltalslaunum hans á árinu 2007 og geti í mesta lagi verið 21.760.596 krónur eða 1.978.236 krónur á mánuði. Taki það til þess tímabils á árinu 2008 sem sóknaraðili hafi verið í starfi hjá varnaraðila eða frá janúar fram til loka nóvembermánaðar.

Sóknaraðili hafi fengið samtals 11.402.399 krónur í laun á fyrrgreindu tímabili á árinu 2008. Verði talið að fyrrgreint samkomulag hafi enn verið í gildi við uppsögn sóknaraðila, geti vangreidd laun fyrir tímabili janúar – nóvember 2008 í mesta falli

verið 10.358.197 krónur en ekki 17.783.753 krónur líkt og sóknaraðili haldi fram að sé vangoldið vegna tímabilsins.

Þótt svo fari að fallist verði á að við uppsögn sóknaraðila í október 2008 hafi verið í gildi skuldbindandi munnlegt samkomulag milli aðila þá hafni varnaraðili því í öllum tilvikum að sóknaraðili geti átt rétt á bónusgreiðslum á uppsagnarfresti.

Ljóst sé og óumdeilt að grundvöllur munnlega samkomulagsins hafi verið að sóknaraðili fengi greiddan ákveðinn bónus tvisvar á ári. Því til staðfestingar megi benda á að hluti greiðslu til sóknaraðila hafi farið fram í formi hlutabréfa í svokallaðan bónuspott. Þá sé einnig ljóst að grundvallarskilyrði þess að greiddur sé út bónus til starfsmanna í fyrirtækjum að fyrirtækin skili hagnaði og séu í rekstri. Við fall sóknaraðila og skipun skilanevndar yfir bankanum í október 2008 hafi sú forsenda brugðist hjá varnaraðila. Þá liggi einnig fyrir hjá varnaraðila að vinnuframlag starfsmanna hafi verið grundvallarskilyrði þess að þeir kæmu til greina við úthlutun bónusgreiðslna. Bónusgreiðslur hafi ekki verið inntar af hendi til starfsmanna sem látið höfðu af störfum við útgreiðslu bónusa. Sóknaraðili geti því ekki gert kröfu um bónusgreiðslur fyrir tímabil í uppsagnarfresti enda hafi hann sannanlega engum störfum sinnt fyrir varnaraðila á þeim tíma.

Geti því ekkert réttlætt þá kröfu sóknaraðila að fá greiddan bónus fyrir tímabil sem hann hafi ekki verið að störfum fyrir varnaraðila. Þá megi og benda á að umræddur bónus hefði ekki gjaldfallið fyrir en eftir úrskurðardag þegar varnaraðili hafi verið kominn í slitameðferð. Ljóst sé að sóknaraðili beri sem fyrir alla sönnunarbyrði fyrir því að honum geti borið að fá greiddan bónus frá varnaraðila á því tímabili sem hann hafi sinnt störfum hjá Arion banka hf. áður Nýja Kaupþingi banka hf.

Þá sé einnig vísað til þess að í samningi aðila um svokallaðan bónuspott komi fram að forsenda þess að sóknaraðili fái úthlutað úr pottinum sé að hann sé enn að störfum hjá varnaraðila við úthlutun á þriggja ára tímabili. Megi því segja að með því hafi sóknaraðili fallist á, að minnsta kosti að hluta til, að bónusgreiðslur varnaraðila til hans væru háðar vinnuframlagi hans fyrir bankann og því skilyrði að hann væri enn að störfum fyrir hann.

Af framangreindu sé ljóst að munnlegt samkomulag sem gert hafi verið við sóknar aðila í mars 2007 hafi verið niður fallið þegar sóknaraðila var sagt upp störfum og sé ekki skuldbindandi gagnvart varnaraðila. Því beri að hafna öllum kröfum sóknaraðila um vangoldin laun á árinu 2008 og laun á þriggja mánaða uppsagnarfresti, er taki mið af fyrrgreindu samkomulagi.

Kröfu sína um málskostnað styður varnaraðili við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sé málið flutt á grundvelli XXIV. kafla laga nr. 21/1991, sbr. 171. gr. sömu laga.

V

Í máli þessu liggur fyrir og er óumdeilt að yfirmaður sóknaraðila, Ingvar Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta varnaraðila, gerði munnlegan samning við sóknaraðila í mars 2007 um ráðningarkjör. Greinir aðila á um inntak samningsins en óumdeilt er að samkomulag var um að sóknaraðili fengi greiddan bónus til að tryggja honum tiltekin heildarlaun. Sóknaraðili kveður samninginn hafa verið þess efnis að honum yrðu tryggð að lágmarki 2.400.000 krónur í laun á mánuði og að samningurinn hafi verið ótímabundinn. Varnaraðili kveður samninginn einungis hafa verið til eins árs, vegna launa árið 2007. Þá telur varnaraðili að verði talið að samningur þessi hafi verið ótímabundinn hefðu laun sóknaraðila ekki átt að vera hærri á árinu 2008 en þau voru á árinu 2007.

Sóknaraðili hefur máli sínu til stuðnings lagt fram yfirlýsingu frá fyrrum yfirmanni sínum hjá varnaraðila, Ingvari Vilhjálmssyni, sem gerði hið munnlega samkomulag við hann. Í yfirlýsingunni kemur fram að grunnlaun sóknaraðila yrðu óbreytt en af komutenging launa hans fæli í sér að heildarlaun hans skyldu að lágmarki vera 2.400.000 krónur á mánuði frá og með 1. janúar 2007 og að samningurinn væri ótímabundinn. Staðfesti Ingvar fyrir dómi að samningurinn hefði verið þessa efnis. Vitnið Svali Björgvinsson, fyrrverandi starfsmannastjóri hjá varnaraðila, bar fyrir dómi að hann myndi eftir að Ingvar Vilhjálmsson, yfirmaður sóknaraðila, hefði komið til sín og sagt sér frá því að gert hefði verið ákveðið samkomulag við sóknaraðila um að honum yrðu tryggð ákveðin lágmarkslaun með því að bæta grunnlaunin með bónus en hann mundi ekki hver fjárhæðin hefði verið og kvaðst hafa litið svo á ekki ætti að greiða samkvæmt samkomulaginu eftir árið 2007. Vitnið Ingólfur Helgason, fyrrverandi forstjóri varnaraðila, bar fyrir dómi að hann kannaðist við að gert hafi verið samkomulag við sóknaraðila þar sem honum hefðu verið tryggð ákveðin lágmarkslaun en kvaðst ekki muna fjárhæðirnar. Þá kvaðst hann efast um að samningurinn hefði átt að vera ótímabundinn með öllu en hann vissi ekki til hve langs tíma samningurinn hafi verið gerður.

Fyrir liggur að gerður var skriflegur ráðningarsamningur við sóknaraðila þegar hann hóf störf hjá varnaraðila þar sem laun hans voru tilgreind. Höfðu þau hækkað nokkuð frá undirritun samningsins fram til þess tíma er honum var sagt upp störfum hjá varnaraðila í október 2008 eða úr 450.000 krónum í 700.000 krónur. Í grein 1.10.2 í kjarasamningi VR og SA frá 2004 sem gildi um ráðningarsamband aðila, sagði að breytingar á ráðningarkjörum umfram það sem leiði af lögum eða kjarasamningum skuli staðfesta skriflega, sbr. samkomulag aðila vinnumarkaðarins frá 10. apríl 1996 um skyldu vinnuveitanda að ganga frá skriflegum ráðningarsamningum eða skriflegri staðfestingu ráðningar við starfsmenn sem gert var með tilvísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. tilskipun 91/533/EBE. Sú skylda að staðfesta skriflega breytingar á ráðningarkjörum

sóknaraðila hvíldi á varnaraðila sem vinnuveitanda en hann brást þeirri skyldu sinni og verður hann að bera hallann af sönnunarskorti á því hvert efni sammingsins var. Hefur varnaraðila ekki tekist að hnekkja því sem fram kemur í ótvíræðri yfirlýsingu Ingvars Vilhjálmssonar um efni hins munnlega samkomulags og þykir ekkert fram komið í málinu sem rýrir sönnunargildi þeirrar yfirlýsingar. Þykir sóknaraðili því hafa sýnt fram á það svo óyggjandi sé að ótímabundinn samningur hafi komist á milli aðila þar sem sóknaraðila voru tryggð heildarlaun sem vera skyldu að lágmarki 2.400.000 krónur á mánuði frá og með 1. janúar 2007.

Þar sem því hefur verið slegið föstu að lágmarkslaun sóknaraðila hafi átt samkvæmt framangreindum samningi að vera 2.400.000 krónur verður ekki fallist á það með varnaraðila að laun sóknaraðila á árinu 2008 takmarkist við fjárhæð þeirra launa sem hann hafði á árinu 2007 enda liggur fyrir að launin hans á því ári voru skert vegna minna vinnuframlags af hans hálfu, en ekki er ágreiningur um að sóknaraðili hafi fengið greidd laun árið 2007 samkvæmt samningi aðila að teknu tilliti til minna vinnuframlags af hans hálfu. Þá liggur ekkert annað fyrir en að sóknaraðili hafi skilað fullu vinnuframlagi á árinu 2008.

Eins og rakið hefur verið voru laun sóknaraðila samkvæmt ráðningarsamningi og hinum munnlega samningi samsett, annars vegar grunnlaunin og hins vegar hin svo kallaða afkomutengda bónusgreiðsla. Eins og mál þetta liggur fyrir var bundið í samningi aðila hver lágmarkslaunin og þar með bónusgreiðslan væru að meðaltali á mánuði og var varnaraðili bundinn af því að greiða þá fjárhæð að lágmarki. Var lágmarksbónusgreiðslan því hvorki afkomutengd né háð ákvörðun varnaraðila nema að því leyti sem hún kynni að vera hærri en sem næmi lágmarksfjárhæðinni og hafði varnaraðili því ekki forræði á því að lækka hana eða fella hana niður ef honum sýndist svo. Þá bera launaseðlar sóknaraðila vegna 2007 og 2008 með sér að af bónusgreiðslum þeim sem sóknaraðili fékk greiddar úr hendi varnaraðila voru greidd lífeyrissjóðsiðgjöld, stéttarfélagsgjöld og staðgreiðsla opinberra gjalda. Verða heildargreiðslur sóknaraðila samkvæmt ráðningarsamningi og hinum munnlega samningi því talin laun eða annað endurgjald fyrir vinnu í skilningi 1. töluliðar 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991.

Þá er óumdeilt að sóknaraðili átti rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti og með hliðsjón af því sem að framan er rakið um fjárhæð launa sóknaraðila verður að fallast á að hann hafi átt rétt á þeim greiðslum í þá þrjá mánuði sem uppsagnarfresturinn varði að frádregnum þeim launum sem hann hafði annars staðar á sama tíma. Með vísan til 2. töluliðar 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 er sú krafa sóknaraðila forgangskrafa.

Varðandi kröfu sóknaraðila um greiðslu framlags í lífeyrissjóð þá hefur sóknaraðili ekki rökstutt hvernig hann getur átt aðild að slíkri kröfu og verður því að hafna henni.

Að öllu því virtu sem nú hefur verið rakið verður krafa sóknaraðila tekin til greina með eftirfarandi hætti:

Umsamin laun (janúar til nóvember 2008)	26.400.000
Greidd laun á árinu 2008	-10.232.951
Laun í uppsagnarfresti	7.200.000
<u>Greidd laun á uppsagnarfresti</u>	<u>-2.100.000</u>
Samtals	21.267.049

Dráttarvextir af kröfunni frá 22. apríl 2009 eru eftirstæð krafa samkvæmt 114. gr. laga nr. 21/1991.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 krónur og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Guðmundur Ingvi Sigurðsson hdl. en af hálfu varnaraðila flutti málið Þröstur Ríkharðsson hdl.

Greta Baldursdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Krafa sóknaraðila, Ríkharðs Daðasonar, að fjárhæð 21.267.049 krónur er viðurkennd sem forgangskrafa við slitameðferð varnaraðila, Kaupþings banka hf. Dráttarvextir af kröfunni frá 22. apríl 2009 er eftirstæð krafa.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 400.000 krónur í málskostnað.

Greta Baldursdóttir